Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Íris Erlingsdóttir.

Prókúruumboð: Íris Erlingsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Svavar Ólafsson, kt. 300382-5419, Fjallalind 50, 201 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Ferðaþjónusta, útleiga fasteigna, flutningur bifreiða og annarra tækja.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2025017937

Útgáfud.: 28. ágúst 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Stefnda: Camilla Olivia Edwards, kt. 110385-4049, Útlöndum.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 41.718, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 20.859 frá 15.08.2024 til 16.09.2024, af kr. 41.718 frá 16.09.2024 til greiðsludags.

Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti stefnanda í íbúð stefndu að Ránargötu 8, fnr. 2126551 til tryggingar á skuld stefndu að fjárhæð kr. 41.718 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 20.859 frá 15.08.2024 til 16.09.2024, af kr. 41.718 frá 16.09.2024 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er sveitafélagið Ísafjarðarbær sem veitir ýmis konar þjónustu í tengslum við starfsemi sína. Stefnda er þinglýstur eigandi íbúðar að Ránargötu 8, fnr. 2126551. Ofangreind dómkrafa stefnanda er tilkomin vegna ógreiddra fasteignagjalda frá árinu 2024, nánar tiltekið yfir tímabilið frá ágúst til september, sem stefndu ber að greiða vegna áðurnefndrar fasteignar sinnar.

Krafa stefnanda er byggð á:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1	15.8.2024	15.8.2024	20.859
2	16.9.2024	16.9.2024	20.859

Stefnufjárhæð nemur samtölu reikningsfjárhæða, alls kr. 41.718. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefnda skráð til heimilis í útlöndum, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar sem stefnandi hefur orðið fyrir vegna innheimtu skuldarinnar, sem stofnaðist til áður en hún var send í löginnheimtu, í samræmi við 12. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Lagatilvísanir: Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til ákvæða laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitafélaga, einkum 3. og 7. gr. laganna.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum og þá sérstaklega 1. mgr. 6. gr. laganna.

Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. gr. og 12. gr. laga nr. 95/2008.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991 og um birtingu vísast til a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna þessi ásamt birtingarvottorði.
2. Skrá yfir dskj. 1-4.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Camilla Olivia Edwards, kt. 110385-4049, Útlönd, að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Vestfjarða, á dómþingi sem haldið verður að Hafnarstræti 9, Ísafirði, þann 1. október 2025, kl. 14.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn.

Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefnda átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 18. ágúst 2025.

F. h. stefnanda,

Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður.

(2025017777

Útgáfud.: 28. ágúst 2025

Stefna - til ógildingar á veðtryggingarbréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,

Jónas Jóhannsson gerir kunnugt:

Gunnar Hjaltalín, kt. 080646-4109, Hellubraut 7, Hafnarfirði, hefur tjáð Héraðsdómi Reykjaness að hann þurfi að höfða mál fyrir dóminum til ógildingar á neðangreindu veðtryggingabréfi.

Stefnandi kemur sjálfur fram sem fyrirsvarsmaður í máli þessu.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingarbréf, útgefið í Hafnarfirði hinn 30. september 2008, af Ragnheiði H. Hjaltalín, kt. 230570-4349 og Guðna Aðalsteinssyni, kt. 270667-3929, til stefnanda sem veðhafa, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim, sem útgefendur, nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kunna að skulda eða ábyrgjast, hvort sem eru víxilskuldir útgefanda, skuldabréfalán, erlend endurlán eða hvers konar aðrar skuldir við stefnanda, þ.m.t. ábyrgðir sem hann hefur tekist eða kann að takast á hendur útgefanda vegna, svo og þær skuldir annarra sem útgefendur ábyrgjast stefnanda sem lánveitanda eða eiganda slíkrar kröfu að samtaldri fjárhæð allt að kr. 50.000.000, tryggt með veði í 2. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni að Skógarási 11 í Hafnarfirði, með fastaeignanúmerið F2302898. Veðtryggingarbréfið hvílir nú á 1. veðrétti eignarinnar.

Verði tekið til varna í málinu krefst stefnandi málskostnaðar sér að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Málavextir: Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að hinn 30. september 2008, hafi Ragnheiður H. Hjaltalín, kt. 230570-4349 og Guðni Aðalsteinsson, kt. 270667-3929, gefið út tryggingarbréf, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldar, að samtaldri fjárhæð allt að kr. 50.000.000, líkt og nánar er kveðið á um í

dómkröfunni. Bréfið var tryggt með veði í 2. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni að Skógarási 11 í Hafnarfirði, með fasteignanúmerið F2302898, sbr. dskj. 3.

Tryggingarbréfið var afhent til þinglýsingar hinn 1. október 2008 og hefur þinglýsingarnúmerið 436-X-008145/2008. Tryggingarbréfið hvílir nú á 1. veðrétti fasteignarinnar.

Stefnandi kveður þá kröfu, sem tryggingarbréfið var veðtrygging fyrir, þegar hafa verið greidda að fullu. Af þeim sökum sé engin krafa lengur til staðar sem bréfið tryggi og efnislegur grundvöllur veðréttarins þar með fallinn á brott.

Stefnandi kveður ástæður þess að nauðsynlegt sé að ógilda tryggingarbréfið með dómi vera þær að frumrit þess hafi glatast og að það hafi ekki fundist þrátt fyrir umfangsmikla leit. Stefnandi, sem er skráður kröfuhafi og veðhafi, kveðst ekki gera sér vonir um að frumritið komi í leitirnar úr þessu. Hann telur því nauðsynlegt að fá ógildingardóm, svo hann geti ráðstafað því sem skjalið tekur til eins og hann hefði frumrit þess undir höndum, m.a. til að fá skjalið afmáð úr þinglýsingarbók.

Stefnandi telur ekki varhugavert að verða við dómkröfunni enda er tryggingarbréfið einungis til tryggingar kröfu sem þegar hefur verið greidd að fullu og enginn annar en stefnandi getur átt lögvarinn rétt samkvæmt bréfinu.

Lagarök: Um heimild til að höfða ógildingarmál á skjali og varnarþing vísar stefnandi til 120. gr. og 121. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991 (eml.) Málskostnaðarkrafa stefnanda er reist á ákvæðum XXI. kafla eml.

Sönnunarfærsla og áskilnaður:

Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram eftirfarandi skjöl sem vísað er til í stefnu og skrá yfir þau:

1. Réttarstefna.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Afrit af tryggingarbréfi fyrir fjárhæð allt að kr. 50.000.000, tryggt með veði í fasteign að Skógarási 11 í Hafnarfirði, dags. 30. september 2008.
4. Veðbandayfirlit fasteignarinnar að Skógarási 11 í Hafnarfirði, fastanr. F2302898, dags. 8. ágúst 2025.
5. Eintak Lögbirtingablaðsins með stefnubirtingu.

Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram og afla frekari gagna, reifa málið nánar, færa fram frekari rök, lýsa málavöxtum og málsástæðum með ítarlegri hætti og taka skýrslur á síðari stigum málsins, eftir því sem tilefni gefst til, m.a. ef til varna kemur.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa ofangreint veðtryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness, dómsal 1 í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 1. október 2025 kl. 9.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til tryggingarbréfsins og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 26. ágúst 2025,
Jónas Jóhannsson dómstjóri.

(2025017779

Útgáfud.: 29. ágúst 2025

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,
Jónas Jóhannsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Elisabeth Matthíasdóttur hdl., að hún þurfi fyrir hönd Jóhanns Liljan Arasonar, kt.

080457-3839, Heiðarholti 12, 250 Garði, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldarbréfi með veði í fasteign.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þá dómkröfu í máli þessu, að ógilt verði með dómi veðskuldarbréf, að fjárhæð kr. 2.400.000,- útgefið í Keflavík þann 8. febrúar 2013 af stefnanda, Jóhanni Liljan Arasyni, kt. 080457-3839 til handhafa. Veðskuldabréfið er með veði í fasteigninni að Hjallavegi 5, 260 Reykjanesbæ, fnr. 209-3440. Veðheimild var veitt af stefnanda sem var þá þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Skjalið var mótttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum á Suðurnesjum þann 8. febrúar 2013 og innfært 11. febrúar 2013.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Elisabeth Matthíasdóttir hdl., E.M. lögmenn slf., Hafnargötu 91, 230 Reykjanesbæ, fer með þetta mál fyrir hönd stefnanda, Jóhanns Liljans Arasonar.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi er útgefandi veðskuldabréfsins sem þinglýst var, þann 11. febrúar 2013 hjá sýslumanninum á Suðurnesjum, á fasteignina að Hjallavegi 5, 260 Reykjanesbæ á öðrum veðrétti og er þinglýsingarnúmer skjalsins A-296. Veðskuldabréfið er nú á öðrum veðrétti og var upphafleg fjárhæð skuldabréfsins kr. 2.400.000. Stefnandi kveður frumrit veðskuldabréfsins hafa glatast og það ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Stefnandi kveðst ekki vera kunnugt um afdrif frumrits veðskuldabréfsins og telur nauðsynlegt að fá það ógilt með dómi svo unnt sé að aflétta ofangreindu veði af framangreindri fasteign, sem er nú í eigu Sævars Inga Halldórssonar, kt. 100590-2139.

Lagarök: Stefnandi kveðast, varðandi lagarök, vísa til 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 2. mgr. 120. gr. sömu laga. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi muna leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

- Nr. 1 Frumrit ógildingarstefnu.
- Nr. 2 Skjalaskrá.
- Nr. 3 Eintak Lögbirtingablaðs þess sem stefna þessi birtist í.
- Nr. 4 Ljósrit veðskuldabréfs.
- Nr. 5 Yfirlýsing Jóhanns Liljans Arasonar, dags. 21. ágúst 2025.
- Nr. 6 Veðbandayfirlit vegna fasteignarinnar Hjallavegi 5, 260 Reykjanesbæ.

Fyrirkall:

Fyrir því stefnist hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, miðvikudaginn 1. október 2025, kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins. Ella má búast við því að útvistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 22. ágúst 2025.

Jónas Jóhannsson dómstjóri.

(2025017800

Útgáfud.: 2. september 2025

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Tinna Margrét Valgarðsdóttir kt. 040784-2259, Austurhólum 4, Selfossi.

Stefndi: Ámundi Sigurður Þorsteinsson, kt. 241079-3339, ótilgreindur í hús, Sandgerði.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði gert að greiða stefnanda kr. 7.609.050, auk vaxta samkvæmt 2. mgr. 8. gr. l. nr. 38/2001 frá 22.7.2025 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. l. nr. 38/2001 frá 2.10.2025 til greiðsludags.

Til vara er krafist lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Lilja Margrét Olsen hdl., Suðurlandsbraut 52, Reykjavík, rekur mál þetta f. h. stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Páll Egill Winkel, kt. 100773-6199, Tjarnarbrekku 6, Garðabæ.

Sakarefnið:

Mál þetta lýtur að skaðabótakröfu sem stefnandi gerir á hendur stefnda vegna tjóns stefnanda sökum þess að stefndi fékk, þann 26.9.2024, kyrrsettar kaupsamningsgreiðslur vegna sölu fasteignarinnar að Hraunholti 5, fastanr. 209-5555, 250 Garði.

Kyrrsetning fjármunanna stóð frá 26. september 2024 til 22. júlí 2025.

Kyrrsetningin átti ekki við rök að styðjast. Hún kom hins vegar í veg fyrir að stefnandi gæti fjármagnað íbúðarhúsnæði fyrir sig og börn sín og flutti hún því í leiguhúsnæði á Selfossi en hún hafði ekki ráð á að leigja á höfuðborgarsvæðinu sem hún hefði kosið.

Á þeim tíma sem kyrrsetning fjármunanna varði hefur verð á íbúðarhúsnæði hækkað verulega, sem hvort tveggja hefur haft í för með sér að mun erfiðara er fyrir stefnanda að festa kaup á húsnæði og einnig hefur hún orðið af þeirri ávöxtun á fé sitt.

Auk þess hefur stefnandi þurft að leggja út fyrir óeðlilega miklum lögmannskostnaði vegna málsins, af stefnda völdum eingöngu, en löngu eftir að dómstólar voru búnir að sýkna af þeim efnislegu réttindum sem stefndi taldi sig eiga, hélt hann fjármunum í gíslingu með málsýfingum sem aldrei gátu gengið upp eins og nánar verður útlistað í málavöxtum. Jök það mjög á tjón stefnanda.

Þá varð stefnda fyrir miklum andlegum þjáningum vegna málsins og þeirri óvissu sem kyrrsetning fjármunanna olli henni, sérstaklega m.t.t. búsetu hennar og barna hennar.

Málavextir:

Áður en greint er frá málsatvikum aðila þykir nauðsynlegt að greina frá dómsmeðferð málsins í héraðsdómi. Mál aðila var þingfest 6. júní 2024. Stefnandi skilaði greinargerð fyrir sitt leyti þann 9. september 2024. Munnlegur málflutningur um frávísun fór fram 23. september s.á. Þann 4. október var aðalkröfum stefnda vísað frá dómi. Eftir stóðu varakröfur.

Þann 16. október 2024 var þingfest mál til staðfestingar kyrrsetningar kaupsamningsgreiðslna vegna fasteignar stefnanda. Þann sama dag var þingfest framhaldsstefna stefnda þar sem hann gerði tilraun til að leiðrétta fyrri kröfugerð. Greinargerðum stefnanda var skilað 23. október og 20. nóvember. Þann 28. nóvember felldi stefndi niður mál er varðaði framhaldsstefnu og var úrskurðaður til að greiða stefnanda kr.498.720 í málskostnað. Aðalmeðferð málsins var 17. febrúar 2025 og dómur gekk 25. s.m. þar sem stefnandi var sýknuð af varakröfum stefnda og mál til staðfestingar kyrrsetningar kaupsamningsgreiðslna var vísað frá dómi. Frávísunin var ekki kærð til Landsréttar. Þess í stað fékk stefndi enn á ný gefna út stefnu til staðfestingar kyrrsetningar kaupsamningsgreiðslna þann 10. mars. Þann 3. júní 2025 var því máli vísað frá dómi og stefnda gert að greiða stefnanda kr. 496.000 í málskostnað. Hinn 17. júlí sl. var kyrrsetningu fjármunanna loks aflétt og þeir greiddir inn á fjárvörslureikning lögmanns 22. júlí 2025.

Efnisdómi um sýknu sem kveðinn var upp 25. febrúar 2025 hefur stefndi áfrýjað til Landsréttar og stefnandi haldið uppi vörnum. Aðalmeðferð málsins er ekki komin á dagskrá réttarins. Mál það er þessu máli um kyrrsetningu fjármuna óviðkomandi.

Aðilar máls voru í sambúð í 19 ár og eignuðust þrjú börn á sambúðartímanum. Fjárhagsleg samstaða með aðilum var þó takmörkuð þar sem stefndi var á vanskilaskrá. Stefnandi var ein eigandi að öllum eignum í þeirra sambúð. Ekkert samkomulag var um að stefndi væri skráður eigandi að nokkru í þeirra sambúð.

Stefnandi keypti húsnæði fyrir fjölskylduna árið 2020 og að beiðni stefnda stofnaði hún og var eigandi einkahlutafélagsins Dekstra efh. sem var fyrst og fremst í því skyni að skapa stefnda atvinnuþáttöku og tekjuöflunar. Að öðru leyti hafði stefnandi enga aðkomu að rekstri umrædds félags. Börn aðila eru fædd árin 2010, 2015 og 2020. Stefnandi sá í ríkari mæli um umönnun barna þeirra á meðan stefndi vann úti.

Reksturinn keyrði stefndi í þrot með því að stunda fjárdrátt og skilasvik á opinberum sköttum og gjöldum í rekstri félagsins án nokkurrar aðkomu stefnanda. Félagið var að endingu úrskurðar gjaldþrota 9. febrúar 2023 og

var fjárhæð krafna á hendur búinu rúmlega 25 mkr., þar af var kr. 23.225.001 lýst í búið af hálfu Skattsins. Skiptastjóri búsins lýsti því í héraðsdómi að mikið af óútskýrðum, óeðlilegum millifærslum voru færðar úr félaginu inn á reikning stefnda og hefur skiptastjóri sent kærnu til Héraðssaksóknara vegna málsins á hendur stefnanda sem eiganda félagsins og stjórnarformanns, þrátt fyrir að hún hafði ekkert með rekstur þess að gera. Upphaflega málshöfðun stefnda byggir á því að hann eigi alla þá fjármuni sem voru í húsnæði stefnanda en hún sitji eftir með skuld við ríkissjóð vegna fjárdráttis og skilasvika hans fyrir mun hærri fjárhæð.

Eins og áður sagði hefur stefnandi verið sýknuð af kröfum stefnda og kyrrsetningu fjármunanna verið aflétt og þeir greiddir til hennar. Miklu hefur verið til kostnað að verjast ágangi stefnda vegna kyrrsetningarinnar eingöngu sem ekki hefur fengist bætt hjá dómstólum. Því til rökstuðnings hefur stefnandi verið í tvígang stefnt sérstaklega vegna kyrrsetningarinnar, hún skilað greinargerðum fyrir sitt leyti og málin munnlega flutt.

Kyrrsetning fjármunanna var vísað frá dómi eins og áður sagði og málskostnaður látinn niður falla þrátt fyrir mikla vinnu vegna málsins hvort tveggja fyrirtökur hjá Sýslumanninum á Suðurnesjum og dómsmeðferð. Í kjölfar frávísunar kyrrsetningarmáls fór stefndi aftur af stað í kyrrsetningarmál sem var einnig vísað frá og tildæmdur málskostnaður vegna þess hluta málsins kr. 496.000 með virðisaukaskatti sem ekki hefur fengist greitt þrátt fyrir ítrekanir. Til að fá kyrrsetningu fjármunanna aflétt var nauðsynlegt að höfða nýtt aðfaramál hjá sýslumanni í samræmi við 5. mgr. 22. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 og mæta í fyrirtöku þar sem varnir voru hafðar uppi þar til að endingu kyrrsetningu var aflétt og fjármunirnir greiddir stefnanda. Hefur stefnandi orðið fyrir fjártjóni vegna þessa og óbættur og ótildæmdur lögmannskostnaður vegna kyrrsetningarinnar eingöngu 36,25 vinnustundir sem jafngildir kr. 1.415.925 með virðisaukaskatti. Stefnandi hefur auk þess farið fram á fjárnám hjá Sýslumanni vegna vangreidds málskostnaðar og lagt fram kröfu um að bú stefnda verið tekið til gjaldþrotaskipta og verður málið tekið fyrir í héraðsdómi þann 4. september nk.

Stefnandi greiddi kr. 2.500.000, skv. ákvörðun Sýslumanns í tryggingu vegna málsins sem er í vörslum Sýslumanns.

Eftir sölu og afhendingu húsnæðisins sem um er deilt, flutti stefnandi með börnin á Selfoss í leiguhúsnæði. Hafði hún hug á að kaupa húsnæði í Mosfellsbæ þar sem móðir hennar býr en vegna mikillar óvissu með málaferlin og kyrrsetningu fjármunanna gat hún ekki staðið straum af kostnaði við málaferlin og greitt innborgun í húsnæði fyrir sig og börnin þar sem fjármunirnir voru kyrrsettir. Leiguhúsnæði fyrir hana og börnin á höfuðborgarsvæðinu, var af sömu ástæðum of dýrt og var hún því nauðbeygð til að flytjast búferlum austur á Selfoss. Gerði stefnandi leigusamning til eins árs við leigufélagið Heimstaden, en ekki var möguleiki að fá leiguhúsnæði til skemmri tíma auk þess sem börnin þurfa stöðugleika vegna skólagöngu. Stefnandi greiðir nú tæplega 317 þúsund krónur í leigu hvern mánuð. Stefnandi hefur greitt kr. 3.498.725,- í leigugreiðslur þá 10 mánuði sem hún hefur leigt húsnæðið en fyrirséð er að hún mun þurfa að greiða leigu til a.m.k. 1. nóvember skv. skilmálum leigusamnings.

Stefnandi seldi eign sína sem um er deilt þann 12. september 2024. Þann 26. september 2024 voru kr. 12.500.000 af kaupsamningsgreiðslum kyrrsettar. Frá því dómur um rétt og skyldur aðila varð endanlegur þann 25.2.2025 hélt stefndi fjármunum í gislingu þar til 22. júlí 2025. Á meðan hækkuðu eignir í verði og stefnandi naut ekki hækkanu á fasteignamarkaði vegna þess að hún hafði selt eign sína en gat ekki keypt aðra. Er beint orsakasamband milli kyrrsetningarinnar og þessa tjóns stefnanda.

Málsástæður:

Samkvæmt 42. gr. 1. nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann ber að bæta tjón sem af kyrrsetningu leiðir. Sökum þess að fjártjón af völdum kyrrsetningar er iðulega erfitt að ákvarða með nákvæmni er sett sú regla að bæta eigi það tjón sem telja má að gerðin hafi valdið. Lengra er ekki gengið m.t.t. sönnunar. Sömuleiðis má dæma bætur eftir álitum ef ekki er unnt að sanna fjárhæð þess. Í ákvæðinu er þess sérstaklega getið að gerðarbeiðandi skuli bæta fjártjón, meðal annars spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum sem telja megí að gerðin hafi valdið.

Stefnandi byggir á því að fyrirliggjandi sé ótvíræð sönnun um ölögmæti kyrrsetningargerðar sem stefndi krafðist að gerð yrði á kaupsamningsgreiðslum í fasteign stefnanda og fór fram hinn 26. september 2024. Af þessu hlaut mikið tjón fyrir stefnanda; hvort tveggja fjárhagstjón og miskatjón.

Á því er byggt að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni með því að hafa verið nauðbeygð til að fara á leigumarkað við sölu á húsnæði sínu þar sem helmingur eigin fjár í fasteigninni var kyrrsett. Vísast í þeim efnum til dskj. 3 um leigugreiðslur að fjárhæð kr. 3.498.725.

Stefnandi byggir einnig á því að hafa misst af hækkun á fasteignaverði í kjölfar sölu á húsnæði sínu frá kyrrsetningu kaupsamningsgreiðslna og þar til fjármunirnir voru greiddir henni. Byggt er á því að kostnaður stefnanda við að kaupa sambærilega eign hafi aukist umtalsvert á tímabilinu. Á dskj. 4 má sjá að vísitala íbúðaverðs fyrir fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,9 stig á tímabilinu september 2024 til júlí 2025, eða um 2,72%. Íbúðarverð í fjölbýli í Mosfellsbæ er á bilinu 77-90 milljónir króna fyrir fjögurra manna fjölskyldu sbr. dskj. 5. Ef miðað er við lægri mörk íbúðaverðs nemur hækkun á íbúðaverði kr. 2.094.400 á tímabilinu.

Stefnandi byggir á því að hún hafi orðið fyrir verulegu fjártjóni vegna lögmanskostnaðar við kyrrsetningargerðina og kostnaður við að gæta réttar síns hafi verið hærri en tildæmdur málskostnaður. Kyrrsetning fjármunanna var vísað frá dómi eins og áður sagði og málskostnaður látinn niður falla þrátt fyrir mikla vinnu vegna málsins hvort tveggja fyrirtökur hjá Sýslumanninum á Suðurnesjum og dómsmeðferð. Í kjölfar frávísunar kyrrsetningarmáls fór stefndi aftur af stað í kyrrsetningarmál sem var einnig vísað frá og tildæmdur málskostnaður vegna þess hluta málsins kr. 496.000 með virðisaukaskatti sem ekki hefur fengist greitt þrátt fyrir ítrekanir.

Enda þótt með dómi hinn 25. febrúar þar sem málskostnaður aðila var látinn niður falla og með úrskurði þar sem stefnda var gert að greiða stefnanda kr. 400.000 auk virðisaukaskatts í málskostnað, sé bindandi um úrslit þess sakarefnis í samræmi við 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, hefur umtalsverður kostnaður fallið til vegna kyrrsetningarinnar utan dómsmeðferðar. Þar á meðal fyrirtökur hjá Sýslumanni, krafa um aðför, krafa um gjaldþrotaskipti og krafa um endurupptöku gerðar til að fá kyrrsetningu aflétt. Til að fá kyrrsetningu fjármunanna aflétt var nauðsynlegt að höfða nýtt aðfaramál hjá sýslumanni í samræmi við 5. mgr. 22. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 og mæta í fyrirtöku þar sem varnir voru hafðar uppi þar til að endingu kyrrsetningu var aflétt og fjármunirnir greiddir stefnanda. Hefur stefnandi orðið fyrir fjártjóni vegna þessa og óbættur og ótildæmdur lögmanskostnaður vegna kyrrsetningarinnar eingöngu 36,25 vinnustundir sem jafngildir kr. 1.415.925.- með virðisaukaskatti. Stefnandi hefur auk þess farið fram á fjárnám hjá Sýslumanni vegna vangreidds málskostnaðar og lagt fram kröfu um að bú stefnda verið tekið til gjaldþrotaskipta og verður málið tekið fyrir í héraðsdómi þann 4. september nk. Er vísað til ítarlegrar tímaskýrslu á dskj. 9.

Stefnandi byggir á að hún hafi orðið fyrir verulegum miska og eigi rétt til miskabætur skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 og 26. gr. skaðabótalaga. Þrátt fyrir mikinn létti að komast úr sambandi með stefnda, hélt álagið áfram með kyrrsetningu fjármuna stefnanda og allri þeirri óvissu sem af því hlaut, þ.á m. óvissu með búsetu stefnanda og barna hennar. Þegar hún loks komst úr sameiginlegu húsnæði aðila og flutti á Selfoss lét heilsan undan og stefnandi veiktist alvarlega í desember 2024. Stefnandi var undirlögð af streitu og álagi undanfarinna mánaða og var lögð inn á geðdeild í tvo sólarhringa. Hún var sett á kvíðalyf sem hún tekur enn og var ráðlagt að losa um alla þá streitu sem hún gæti og fá aðstoð við umönnun barnanna. Í samstarfi við barnaverndarþjónustu Selfoss voru yngri börnin tvö í tímabundinni vistun í tvo mánuði í upphafi árs 2025. Stefnandi fékk þá hvíld sem hún þurfti og tíma til að vinna að eigin heilsu sem henni tókst á þessum tíma. Það skal tekið fram að stefnandi vann í nánu samstarfi við barnavernd og engar þvingunarráðstafanir áttu sér stað heldur samvinna foreldris og stjórnvalds vegna álagstendra veikinda.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Leigugreiðslur kr. 3.498.725.

Hækkun á fasteignaverði kr. 2.094.400.

Lögmanskostnaður kr. 1.415.925.

Miskabætur kr. 600.000.

Á því er byggt að samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins um sönnun tjóns og samkvæmt hinum sérstöku reglum í lögum nr. 31/1990 beri að tryggja að gerðarþoli fari ekki með skarðan hlut frá borði. Kyrrsetning er lögð á fyrir ódæmdri kröfu. Aðhaldið á að menn fari ekki ótæpilega í að krefjast kyrrsetningar felst í skaðabótareglunum. Það aðhald er haldlítið ef tjón er vanbætt ef örðugt er að sanna tjón með nákvæmni. Ákvörðunin um kyrrsetningu var tekin af stefnda á hans ábyrgð og áhættu. Er sérstök heimild til að dæma bætur að álitum, sbr. 42. gr. laganna. Ekki er unnt að sanna tjón frekar en hér hefur verið reynt a.ö.l. en því að fá má dómkvadda matsmenn undir rekstri máls til að sannreyna fjárhæðirnar. Farin er sú leið að stilla stefnukröfum í hóf m.v. framangreint.

Auk þess að byggja á hlutlægri skaðabótareglu sem finna má í ákvæði 1. mgr. 42. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., er byggt á almennu sakarreglunni. Er byggt á að hún eigi við um þá háttsemi að viðhalda kyrrsetningunni eftir að endanlega hafði verið skorið úr um réttindi stefnda með dómi Héraðsdóms Reykjaness,

þann 25.2.2025 að ófyrirsynju og síðar með þeim hætti að fá á ný gefna út réttarstefnu fyrir kyrrsetningunni þar sem ekki var gætt að tímafrestum sem hlaut að enda með annarri frávísun málsins og tilheyrandi töfum.

Upphafsdagur vaxta miðast við þegar stefnandi fékk útgreidda hina kyrrsettu fjármuni í samræmi við 2. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 þar sem krafa byggir á verðlagi eftir að bótaskyld atvik varð.

Stefna var birt í Lögbirtingablaði þann 2. september 2025 í samræmi við a-lið 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 þar sem lögmaður stefnda upplýsti að hún hefði ekki heimild til að taka á móti stefnu fyrir hans hönd og stefndi er nú skráður óstaðsettur í hús.

Um varnarþing vísast til 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála en samkvæmt Þjóðskrá er stefndi óstaðsettur í hús í sveitarfélaginu Garði.

Lagarök:

Visað er til laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990, skaðabótalaga nr. 50/1993. Um málskostnað vísast til XXI. kafla l. nr. 91/1991, sérstaklega 129. gr. og 130. gr.

Sönnunargögn:

Stefnandi mun leggja fram við þingfestingu máls gögn sem lúta að framangreindum málavöxtum og málsástæðum:

- Nr. 1 Stefna
- Nr. 2 Endurrit úr gerðabók, 26. september 2024.
- Nr. 3 Yfirlit yfir leigugreiðslur desember 2024 – september 2025.
- Nr. 4 Yfirlit yfir hækkun vísitölu íbúðverðs frá september 2024 – júlí 2025.
- Nr. 5 Yfirlit um fasteignaverð fjölbýlis í Mosfellsbæ í september-október 2024.
- Nr. 6 Yfirlit yfir læknisvitjanir stefnanda 2024-2025.
- Nr. 7 Endurrit úr gerðabók dags. 17. júlí 2025.
- Nr. 8 Millifærslukvittun af fjárvörslureikningi lögmanns.
- Nr. 9 Tímaskýrsla lögmanns.

Áskilnaður:

Áskilinn er réttur til að óska eftir því, á síðari stigum málsins, að teknar verði munnlegar skýrslur af aðilum sem ekki hafa verið nefndir til skýrslugjafar í stefnu þessari t.d. ef málatilbúnaður stefnda gefur tilefni til þess eða nýjar upplýsingar koma fram um hugsanleg vitni.

Áskilinn er réttur af hálfu stefnanda til útgáfu framhaldsstefnu til að auka við og breyta kröfunum ef þurfa þykir, sérstaklega ef fram koma nýjar upplýsingar sem ekki lágu fyrir er málinu var stefnt.

Fyrirkall:

Fyrir því er hér með skorað á stefnda, Ámunda Sigurð Þorsteinsson kt. 241079-3339, óskráður í hús, Sandgerði að mæta fyrir dóm er mál þetta verður þingfest á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, 3. hæð miðvikudaginn 10. september 2025, kl. 9 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og gögn fram að leggja af sinni hálfu en ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst átta sólarhringar.

Reykjavík, 1. september 2025.

Lilja Margrét Olsen hdl.

(2025017933

Útgáfud.: 2. september 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 29. ágúst 2025 í máli nr. L-4138/2025, var Geir Birnuson, kt. 060275-4329, sviptur fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 1. september 2025.
Þorsteinn Magnússon héraðsdómari

(2025017895

Útgáfud.: 5. september 2025

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 4. september 2025, í máli nr. L-4325/2025, var Candice Aþena Jónsdóttir, kt. 160896-3539, svipt fjárræði tímabundið í 3 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 4. september 2025.
Barbara Björnsdóttir héraðsdómari

(2025018171

Útgáfud.: 1. september 2025

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, með síðari breytingum, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. V. lið til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir október 2025:

Vísitala neysluverðs: 657,6 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 12.984 stig.

Reykjavík, 28. ágúst 2025.

Hagstofa Íslands.

(2025017873

Útgáfud.: 2. september 2025

Auglýsing um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda

Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið lágmarksverð á mjólk til framleiðenda:

Greiðsla frá afurðastöð*

Lágmarksverð kr. pr. ltr.
141,13

* Greiðsla miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi.

Reykjavík, 1. september 2025.

F. h. n.

Tryggvi Þór Herbertsson formaður

(2025017883

Útgáfud.: 2. september 2025

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, með síðari breytingum, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. V. lið til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir október 2025:

Vísitala neysluverðs: 657,6 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 12.984 stig.

Reykjavík, 28. ágúst 2025.

Hagstofa Íslands

(2025017884

Útgáfud.: 4. september 2025

Kerfisáætlun 2025 - 2034

Raforkueftirlitinu barst þann 2. september 2025 kerfisáætlun Landsnets fyrir tímabilið 2025 - 2034 til formlegrar meðferðar.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 hefur Raforkueftirlitið það hlutverk að fara yfir og samþykkja kerfisáætlun Landsnets með hliðsjón af markmiðum um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu strengja.

Raforkueftirlitið skal við yfirferð kerfisáætlunar hafa samráð við alla núverandi og væntanlega viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins sbr. 2. mgr. 8. gr. raforkulaga í opnu og gagnsæju samráðsferli.

Af þessu tilefni vill Raforkueftirlitið bjóða viðskiptavinum Landsnet og væntanlegum viðskiptavinum fyrirtækisins að koma á framfæri umsögnum vegna kerfisáætlunar 2025 - 2034.

Þeir aðilar sem telja sig vera væntanlega viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins skulu rökstyðja það sérstaklega. Raforkueftirlitið metur hvort aðili hafi sýnt fram á með fullnægjandi hætti að hann geti talist væntanlegur viðskiptavinur flutningsfyrirtækisins.

Frestur til þess að koma á framfæri athugasemdum vegna kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034 er fjórar vikur frá birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þá verður Landsneti boðið að koma á framfæri athugasemdum vegna framkominna umsagna.

Kerfisáætlun má finna á eftirfarandi slóð: <https://orkustofnun.is/raforkueftirlit/kerfisaaetlun>.

Raforkueftirlitið.

(2025018154

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **KS Túnþökur ehf.**

Kt.: 540825-1300.

Heimili og varnarþing: **Hjarðarholti 11, 300 Akranes.**

Dagsetning samþykktar er: 30. júní 2025.

Stofnendur: Kristófer Ernir Stefánsson, kt. 231093-2499, Hjarðarholti 11, 300 Akranes.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 30. júní 2025.

Stjórnarmaður: Kristófer Ernir Stefánsson. Varastjórn: Íris Tinna Ingólfssdóttir, kt. 030793-3159, Hjarðarholti 11, 300 Akranes.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Kristófer Ernir Stefánsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Lilja Halldórsdóttir, kt. 150870-3729, Steinsstaðahlöf 6, 300 Akranes.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Selja túnþökur og torf.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025017516

Útgáfud.: 26. ágúst 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Æsingur ehf.**

Kt.: 550825-0660.

Heimili og varnarþing: **Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 1. ágúst 2025.

Stofnendur: Mýkt ehf., kt. 531008-0810, Hrísum, 605 Akureyri.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir, kt. 310891-3719, Hrísum 2, 605 Akureyri. Varastjórn: Bjarney Rósa Sveinbjörnsdóttir, kt. 171193-3389, Reynihlíð 19D, 604 Akureyri.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jón Örn Gunnlaugsson, kt. 250679-3279, Vesturvangi 16, 220 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Heildsala, smásala, ráðgjöf og þjónusta, kaupa/selja hlutabréf og verðbréf, kaup/sala/rekstur á fasteignum og hverskyns lausafé, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025017517

Útgáfud.: 2. september 2025

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Mýrarkot ehf.**

Kt.: 590825-0850.

Heimili og varnarþing: **Grófarseli 17, 109 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 14. ágúst 2025.

Stofnendur: Sigurður Brynjar Pálsson, kt. 210974-6019, Grófarseli 17, 109 Reykjavík, Rakel Hrund Ágústsdóttir, kt. 010974-5269, Grófarseli 17, 109 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 14. ágúst 2025.

Stjórnarmaður: Rakel Hrund Ágústsdóttir. Varastjórn: Sigurður Brynjar Pálsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Sigurður Brynjar Pálsson, Rakel Hrund Ágústsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2025017890

Lögbirtingablað,
43. tölublað 2025.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.